

## Úrskurður

### áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 5/2009

**Orkuveita Reykjavíkur**

**gegn**

**Samkeppniseftirlitinu**

#### I.

#### **Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila**

Með bréfum dagsettum 14. maí 2008 kærðu Orkuveita Reykjavíkur og Hafnarfjarðarbær til áfrýjunarnefndar samkeppnismála ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2008, frá 17. apríl 2008. Í hinni kærðu ákvörðun beindi Samkeppniseftirlitið, með heimild í 16. gr samkeppnislaga nr. 44/2005, nánar tilteknum fyrirmælum til Orkuveitu Reykjavíkur vegna kaupa fyrirtækisins á hlutum í Hitaveitu Suðurnesja hf. Kærur þessar voru sameinaðar og reknar sem eitt mál fyrir áfrýjunarnefndinni. Með úrskurði áfrýjunarnefndarinnar uppkveðnum 2. júlí 2008, í máli nr. 7/2008, var hin kærða ákvörðun staðfest með með þeim breytingum að kveðið var á um að Orkuveitu Reykjavíkur væri óheimilt að eiga hlut í Hitaveitu Suðurnesja hf. sem nam 10% eða meira (Samkeppniseftirlitið hafði bannað fyrirtækinu að eiga meira en 3% hlut) og skyldi Orkuveita Reykjavíkur gera umrædda breytingu á eignarhaldi sínu í Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir [...].<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> Trúnaðarmál.

Með bréfi Orkuveitu Reykjavíkur til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, dagsettu 20. janúar 2009, óskaði fyrirtækið eftir því að málið yrði endurupptekið með vísan til heimildar í 2. tl. 1. mgr. 24. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Af hálfu áfrýjanda er þess krafist að mál áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 7/2008 verði endurupptekið og sá frestur sem áfrýjanda var veittur til að minnka eignarhlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja verði framlengur til [...].<sup>2</sup>

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins eru ekki gerðar sértakar kröfur í málinu.

## II.

### Helstu málavextir

Með bréfi dags. 6. júlí 2007 hóf Samkeppniseftirlitið rannsókn á viðskiptum með hlutabréf í Hitaveitu Suðurnesja hf. Að mati eftirlitsins leiddi rannsóknin í ljós að eignarhlutur áfrýjanda í Hitaveitu Suðurnesja hf. raskaði samkeppni. Með ákvörðun dagsettri 17. apríl 2008 bannaði Samkeppniseftirlitið áfrýjanda að eiga meira en 3% eignarhlut í Hitaveitu Suðurnesja. Var áfrýjanda veittur tiltekinn frestur til að gera breytingar á eignarhaldi sínu. Með úrskurði áfrýjunarnefndarinnar uppkveðnum 2. júlí 2008 var, eins og áður er komið fram, hin kærða ákvörðun staðfest með þeim breytingum að áfrýjanda væri óheimilt að eiga hlut í Hitaveitu Suðurnesja hf. sem næmi 10% eða meira og skyldi áfrýjandi gera umrædda breytingu á eignarhaldi sínu í Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir [...].<sup>3</sup>

Með bréfi til áfrýjunarnefndar samkeppnismála dagsettu 20. janúar 2009 óskaði áfrýjandi eftir endurupptöku málsins með vísan til 24. gr. stjórnisýslulaga. Fram kom að fyrirtækið hafi unnið að því selja eignarhlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja og verið í sambandi við áhugasama kaupendur. Vonlaust sé að standa við það að selja eignahlutinn fyrir

---

<sup>2</sup> Trúnaðarmál.

<sup>3</sup> Trúnaðarmál.

tilgreindan tíma og fari áfrýjandi því fram á lengri frest. Þetta skýrist af því að aðgangur að lánsfjármagni hafi breyst frá síðastliðnu hausti.

Erindi áfrýjanda um endurupptöku var sent Samkeppniseftirlitinu til umsagnar. Í umsögn eftirlitsins var bent á að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2008 hafi í höfuðatriðum byggst á stöðu áfrýjanda og Hitaveitu Suðurnesja á raforkumarkaði og mögulegum samkeppnislegum áhrifum eigna- og stjórnunartengsla milli þeirra. Samkeppniseftirlitið fái því ekki séð að hin efnislegu skilyrði endurupptöku hvað varða breytingu á atvikum sem ákvörðunin byggðist á hafi breyst frá því að ákvörðunin var tekin. Hagsmunir áfrýjanda af því að fá hátt verð fyrir eignahlut sinn eða hverjir aðrir einkahagsmunir hans breyti ekki niðurstöðum um hin samkeppnislegu vandamál.

Endurupptökumál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Athugasemdir Samkeppniseftirlitsins bárust 9. febrúar 2009 og athugasemdir áfrýjanda 13. sama mánaðar.

### III.

#### Niðurstaða

Í 2. tl. 1. mgr. 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 er heimiluð endurupptaka á stjórnsluákvörðunum ef „...íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.” Í úrskurðarorðum áfrýjunarnefndar, í máli nr. 7/2008 sem óskað er endurupptöku á, kemur fram að Orkuveitu Reykjavíkur sé óheimilt að eiga hlut í Hitaveitu Suðurnesja hf. sem nemur 10% eða meira. Jafnframt er Orkuveitu Reykjavíkur gert að framkvæma breytingu á eignarhaldi sínu í samræmi við þá niðurstöðu fyrir [...].<sup>4</sup>

Frá því að þessi úrskurður var kveðinn upp þann 2. júlí 2008 hafa orðið gríðarlegar breytingar í íslensku efnahagslífi og reyndar heimsins alls. Þær breytingar geta haft áhrif

---

<sup>4</sup> Trúnaðarmál.

á það mat sem áfrýjunarnefnd samkeppnismála lagði á tímaþörf Orkuveitu Reykjavíkur til að framkvæma þær breytingar á eignarhaldi sem úrskurðurinn kvað á um.

Varðandi tímamörk til að krefjast endurupptöku samkvæmt 2. mgr. 24. gr. stjórnslulaga þá getur upphafstími þess frests sem þar er getið í fyrsta lagi talist vera við það tímamark þegar afleiðingar hruns íslensku bankanna í október 2008 komu fram. Er það mat áfrýjunarnefndar að það geti í fyrsta lagi verið í lok októbermánaðar 2008. Þar sem beiðni um endurupptöku kom fram þann 20. janúar 2009 er ljóst að þriggja mánaðar fresturinn sem löggin veita, án þess að til samþykkis annara aðila málsins þurfi að koma, var ekki liðinn. Er það því niðurstaða áfrýjunarnefndar að heimilt sé að endurupptaka málið og er orðið við kröfu um það. Tekur endurupptakan eingöngu til þess frests sem áfrýjanda var veittur til að gera breytingar á eignarhaldi sínu í Hitaveitu Suðurnesja hf. Að öðru leyti stendur úrskurðurinn óbreyttur.

Efnahagslíf alls heimsins og Íslands sérstaklega hefur orðið fyrir miklum áföllum frá þeim tíma sem úrskurðurinn í máli 7/2008 var kveðinn upp. Hafa m.a. möguleikar á fjármögnun viðskipta breyst mjög til hins verra ekki síst hér á landi. Það á sérstaklega við ef miðað er við skamman frest til að selja umræddan eignarhlut. Þær staðreyndir geta valdið áfrýjanda tjóni sem ekki er eðlilegt að hann beri miðað við þá samkeppnislegu hagsmuni sem eru í húfi.

Í málinu er sett fram sú krafa að frestur Orkuveitu Reykjavíkur til að minnka eignarhlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja hf. verði framlengdur til [...].<sup>5</sup> Á grundvelli þeirra sjónarmiða sem að framan eru rakin telur áfrýjunarnefnd samkeppnismála það vera hæfilega lengingu á frestinum.

---

<sup>5</sup> Trúnaðarmál.

## Úrskurðarorð:

Mál 7/2008 er endurupptekið að því er varðar frestsákvörðun til Orkuveitu Reykjavíkur til að gera breytingar á eignarhaldi sínu í Hitaveitu Suðurnesja hf.

Orkuveita Reykjavíkur skal gera breytingar á eignarhaldi sínu í Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir [...].<sup>6</sup>

Reykjavík, 26. febrúar 2009

Lárus L. Blöndal

Stefán Már Stefánsson

Anna Kristín Traustadóttir

---

<sup>6</sup> Trúnaðarmál.